

Fimmtudaginn 10. október 1996.

Nr. 412/1994.

Sigríður Elísdóttir
Hallgrímur Elísson
Smári Þorvaldsson
Pálmar Þorvaldsson
Arnfríður Felixdóttir
Helgi Felixsson
Fjóla Felixdóttir
Jóhann Geirsson
Þorsteinn Geirsson
Sigurður Geirsson
Jóhanna María Þorvaldsdóttir
Kristín Þorvaldsdóttir
Práinn Þorvaldsson
Jóhanna Lyngheiður Jóelsdóttir
Guðbjörg Jóelsdóttir
Helga Jóelsdóttir
Baldur Jóelsson
Einar Jóelsson
Jólína Jóelsdóttir
Guðjón Elísson
Helgi Guðmundsson
Sigurbjörg Guðmundsdóttir
Elín Guðmundsdóttir
Gunnlaugur Einarsson
Ingibjörg Einarsdóttir
Guðmunda Fanney Pálsdóttir
Sigurður Sigurþórsson
Ólafur Sigurþórsson
Jóhanna Erla Sigurþórsdóttir
Eggert Sigurþór Guðlaugsson og
Sighvatur E. Sighvatsson
(Tryggvi Gunnarsson hrl.)
gegn
Sæmundi Sigursteinssyni
(Ólafur Axelsson hrl.)
og til réttargæslu
Sigurði Einarssyni

Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi. Res judicata.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. október 1994. Þau krefjast þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Til vara krefjast þau sýknu af kröfum stefnda að öðru leyti en því, að þau fallast á það, að stefndi eigi sem hlutdeild í sameign 75% (3/4 hluta) lands jarðarinnar Hátúns, Vestur-Landeyjahreppi, án mannvirkja, ræktunar og greiðslumarks, áður fullvirðisréttar. Í báðum tilvikum krefjast þau málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Mörg ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Áfrýjendur byggja ómerkingar- og frávísunarkröfu sína á því, að ákvörðun skiptaráðanda um það, hvaða eignir skyldi draga undir skipti á búi Einars Guðmundssonar, hafi verið dómsathöfn. Dómstóll hafi þegar fjallað um það efni, sem krafa stefnda tekur til, og sé ekki unnt að bera þá kröfu undir hliðsettan dómstól, sbr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Því er lýst í hinum áfrýjaða dómi, að dánarbú Einars Guðmundssonar var tekið til opinberra skipta í skiptarétti Rangárvallasýslu með úrskurði 17. október 1989. Stefndi eða lögmaður hans voru boðaðir á skiptafundi í búinu. Í bókunum frá fundunum kemur fram, að ágreiningur var um það, hvaða eignir kæmu til skipta. Í fundarboði, sem sent var lögmanni stefnda 14. september 1990 vegna fundar 28. sama mánaðar, var tekið fram, að á þeim fundi skyldi taka afstöðu til úthlutunargerðar og ljúka skiptum. Ekki var sótt af hálfu stefnda á þann fund, en þar var úthlutunargerðin samþykkt. Skiptayfirlýsing var gefin út 30. nóvember 1990, sem þinglýst var 5. desember sama ár. Gögn málsins bera með sér, að lögmaður stefnda hafi haft vitneskju um ákvörðun skiptaráðanda eigi síðar en í ágúst 1991.

Eins og lýst er hér að framan, urðu deilur um þær eignir, sem fylgdu dánarbúi Einars Guðmundssonar, við skipti á búi hans. Samkvæmt 12. og 15. gr. þágildandi laga um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl. nr. 3/1878 hvíldi sú skylda á skiptaráðanda að skrifa upp eignir búsin og taka þær í umsjón sína. Samkvæmt 1. mgr. 33. gr. sömu laga skyldi bera upp fyrir skiptaráðanda allar kröfur á hendur hinum framliðna og til eftirlátinna muna hans. Stefndi fylgdist með búskiptunum allan tímann og kom andmælum sínum að. Skiptaráðandi tók síðan ákvörðun um ágreiningsefnið. Ákvörðuninni var ekki áfrýjað til Hæstaréttar, og er því stefndi við hana bundinn. Skilja verður skiptayfirlýsinguna á þann veg, að stefndi eigi 75% af öllu landi jarðarinnar Hátúns í Vestur-Landeyjum, enda er það viðurkennt af áfrýjendum. Í máli þessu reynir ekki á það, hvort stefndi sem jarðeigandi kunni að eiga annars konar kröfur á hendur áfrýjendum.

Samkvæmt framansögðu er ómerkingar- og frávísunarkrafa áfrýjenda tekin til greina.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera ómerkur, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fellur niður í héraði og fyrir Hæstarétti.
